Akureyrarbær

Akureyrarbær - Fræðslu- og lýðheilsusvið

Akureyri, 8. maí 2023
2023040631 04-1001

Efni: Skráningardagar minnisblað

Tekið fyrir á fundi fræðslu- og lýðheilsuráðs
mánudaginn 8. apríl 2023

Tillagan gengur út á að innleiða svokallaða skráningardaga í leikskólum Akureyrarbæjar í því skyni að skapa svigrúm til að mæta fullri fjögurra tíma styttingu vinnuvikunnar hjá starfsfólki í leikskólum. Samtals yrðu þessir dagar 20 talsins yfir skólaárið og yrðu sérmerktir í skóladagatölum. Tilgangurinn er að á þessum dögum geti starfsfólk tekið út uppsöfnun á styttingu vinnutíma í heilum dögum. Leiðin væri þá blönduð, þannig að starfsfólk gæti safnað sér upp allt að 10 dögum og rest færi í vikulega eða hálfsmánaðarlega styttingu.

Hugmyndin er að bjóða foreldrum upp á 20 skráningardaga. Þessir dagar yrðu sérmerktir í skóladagatali, til dæmis að boðið yrði upp á skráningardaga í tengslum við haustfrí, jólafrí, vetrarfrí að vori, í dymbilviku og í kringum sumarlokun leikskóla.

Skráningardagarnir myndu dragast frá leikskólagjöldum jafnt yfir árið en þeir kallast “skráningardagar”, þar sem foreldrar þyrftu að óska sérstaklega eftir skólavist þessa daga, með einhverjum fyrirvara, og greiða sérstaklega fyrir þá. Dagarnir yrðu að hluta til samræmdir milli leikskóla, þ.e.a.s. 13 yrðu samræmdir og 7 væru dagar sem myndu henta hverjum skóla fyrir sig. Dagarnir yrðu sérstaklega merktir í skóladagatölum skólanna. Tölvupóstur verður sendur til foreldra og frétt gerð um tilgang þessara skráningardaga. Skráningardagarnir miðast alla jafna við þá daga sem ekki er kennsla í grunnskólum og auknar líkur eru á að foreldrar/forráðamenn séu í leyfi frá störfum sínum, ýmist vegna styttingar eða orlofs. Þeir foreldrar sem tök hafa á eru því hvattir til að nýta dagana til samveru með börnum sínum og um leið gefa börnunum lengra frí frá skólastarfinu. Þessir dagar eru því hugsaðir fyrir þá foreldra sem sannarlega þurfa á þeim að halda. Þessa daga yrði ekki hefðbundið starf innan leikskólanna, hugsanlega yrði meiri blöndun milli deilda og mikil áhersla á útiveru og val.

Miðað er við að stjórnendur biðji starfsfólk að velja allt að 10 af þessum 20 dögum í uppsöfnun, en jafnframt upplýsa um að þessa daga verði alla jafna ekki hægt að óska eftir orlofi, sérstaklega ef tvísýnt er um mönnun. Þetta er gert til að tryggja að minnsta kosti lágmarksmönnun í leikskólunum á skráningardögunum. Þessi 10 daga uppsöfnun væri því tekin að langmestu leyti á skilgreindum skráningardögum. Frítaka umfram það þyrfti að vera í formi orlofs. Uppsafnaðir dagar vegna BVT falla niður í veikindum.

Hugmyndin um skráningardaga hefur verið rædd meðal stjórnenda leikskólanna og í vinnutímanefnd hvers skóla og athugasemdir teknar til greina.
Kostnaðurinn við þessa tillögu er áætlaður 20 til 25 m.kr. á ársgrundvelli er snúa að lækkun tekna vegna leikskólagjalda. Áætlaðar viðbótartekjur vegna sérstakrar skráningar á skráningardögum (miðað við 50% nýtingu) gætu numið um 10-13 m.kr., en vissulega fer það eftir nýtingu. Kostnaður við þessa framkvæmd á árinu 2023 gæti því verið um 5-7 m.kr.

Innleiðing skráningardaga myndi hefjast skólaárið 2023-2024. Framkvæmd verkefnisins verður metið jafnóðum og litið yrði á verkefnið sem tilraun. Að loknu skólaárinu 2023-2024 verður skoðað hvort og þá hvernig móta þurfi aðgerðir frekar.

Minnisblað þetta er unnið af starfsfólki í leikskólateymi fræðslu- og lýðheilsusviðs
21. apríl 2023 og endurskoðað 8. maí 2023.

Árni Konráð Bjarnason
Bjarki Ármann Oddsson
Erna Rós Ingvarsdóttir
Kristín Jóhannesdóttir
Sesselja Sigurðardóttir